

2/3 1959.

SKÓGARVÖRÐURINN Á SUÐVESTURLANDI.

STARFSKYRSLA 1958.

STARFSKYRSLA 1958.

Girðingar:

Girðingum Skógræktar ríkisins var haldið við eins og venjulega. Sett var upp lítil girðing í Viðey í tilraunaskyni (bráðabirgða-girðing). Engar nýjar girðingar aðrar voru settar upp á vegum Skógræktar ríkisins á árinu, en aðstoð og leiðbeiningar voru veittar ýmsum er settu upp skógræktargirðingar á starfssvæðinu. Þannig var t.d. öllum skógræktarfélagunum á þessu svæði veitt meiri og minni fyrirgreiðsla í þessum eignum.

Gróðursetning: 1958

Í skóglendi Skógræktar ríkisins og á hennar vegum var gróðursett sem hér segir:

Í Haukadal:

	<i>N. W. ...</i>	2	2014 0.300
			2015 0.7
11.500 rauðgreni 2/2	Bindal	2014 + 2015	
2.000 " 2/3	Drevja	1015 og 1022	1015 0.25
1.000 " 2/3	Áfjörd	1023	1022 0.25
1.000 fjallapöll 2/3 /2	MacLeod	1023?	1023 0.15
15.500			

Að Laugarvatni:

2.000 skógarfura 2/2	Tromsströnd
1.000 rauðgreni 2/2	Bindal
1.000 sitkagreni 2/2	Seward

Á Þingvöllum:

Í reit Vestur Íslendinga (við Hrafnagjá)

500 rauðgreni 2/3	Drevja
2.000 sitkagreni 2/2	Seward

Í reit Landsbanka Íslands (viðskiptabankinn) vestan Hrafnagjár.

13.600 skógarfura 3/0	Tromsströnd
18.800 " 2/2	Sjomen
1.900 { 15.500 rauðgreni 2/3	Drevja
8.400 " 2/3	Áfjörd
1.300 { 13.500 sitkagreni 2/2	Seward
17.800 sitkagreni og hvítgr. 3/2	Lawing <i>bestur</i>
4.500 bergfura 3/0	(Etne)
2.100 " 3/0	(Tumast. Pyr.)
2.150 " í hnaus 3/0	(Etne)
2.000 fjallapöll 2/3 /2	MacLeod
2.200 stafafura 2/2	Skagway <i>alls 100.550</i>

Í Furulundinn:

200 hvítgreni 2/2 ✓	Granite Creek
200 sitkagreni 2/2 ✓	Seward
610 sitkagr. & hvítgr. 2/2 ✓	Lawing

í Viðey:

1.000 sitkagreni 2/2

Seward

í Straumsgirðingu:

100 skógarfura 2/2

100 sitkagreni 2/2

100 bergfura 2/2

Tromsströnd

Seward

Pyrenæafjöll

Í Haukadál gróðursettu Norðmenn sem hingað komu sl. vor í skiptum fyrir Íslendinga er fóru til Noregs til gróðursetningar. Að Laugarvatni unnu skólanemendur undir stjórn Þórarins Stefánssonar kennara að gróðursetningunni. Á Þingvöllum var fjölmennur flokkur gróðursetningarmanna frá 27. maí til júníloka. Greiddi Landsbanki Íslands (viðskiptabankinn) að verulegu leyti fyrir gróðursetninguna í sinn reit en Skógrækt ríkisins það sem á vantaði svo og gróðursetningu í Furu- lundinn og í reit Vestur-Íslendinga. Í Viðey var hafin tilraun á vegum Skógræktar ríkisins til þess að sjá hvernig sitkagreni muni þrífast þar. Í Straumi gróðursettu landnemar sem fyrr.

Skjólbelti:

Haldið var áfram við ræktun skjólbelta í tilraunaskyni á Hvítár- bakka og Hvanneyri. Hafist var handa á þrem nýjum stöðum, en þeir eru: Þórustaðir í Ölfusi, Reykhólar í Reykhólasveit og Kornvellir í Hvals- hreppi. Auk þess var veitt aðstoð og leiðbeiningar við ræktun skjól- belta að Kletti í Borgarfirði, við Vatnsenda í Kópavogshreppi og í Fossvogi. Gróðursett var með svipaðri tilhögun á þessum stöðum og síðastliðið ár, þ.e. bil milli raða var haft 1.25 m en milli plantna 1 m nema víðir og viðja 0.50 sm. En fjöldi raða var allbreytilegur og tegundaval. Allsstaðar var lögð áherzla á góðan jarðvegsundirbúning og húsdýraáburður borinn í holur og rásir við gróðursetningu. Á Hvanneyri og Kornvöllum var borinn tilbúinn áburður að plöntunum eftir gróðursetn- ingu. Vár skammtur þessi hafður breytilegur að áburðarefnum og styrk- leika. Munu koma í ljós innan fárra ára mikilsverðar upplýsingar um hvernig bezt sé að haga áburðargjöf að skjólbeltaplöntum.

Hirðing skjólbeltanna er ærið vandamál. Á þessu ári var hafður hinn sami háttur á sem í fyrra. Var farið með garðtötara milli raða en hreinsað með arfasköfu milli plantna. Illgresisolíur voru lítillega reyndar í Fossvogi og gáfu hina beztu raun. Verður að hverfa hið fyrsta að notkun þeirra í skjólbeltum, ef kostnaður verður viðráðanlegur.

Í októberbyrjun voru settar upp skjólgrindur úr timbri við skjól- beltin á Hvítárbakka, Þórustöðum og á Kornvöllum. Skjólgrindurnar á Hvítárbakka gáfu mjög góða raun í fyrravetur.

Í Fossvogi var gerð tilraun með nýja aðferð til þess að skýla plöntum í skjólbelti fyrstu árin. Hún er fólgin í því að strengdir eru tveir þættir af sléttum vír á staura. Nemur hinn neðri við jörðu en hinn er ca 80 - 100 sm ofar. Á þættina er síðan strengd lengja úr síldar- nót og er hún lögð tvöföld eða þreföld. Aðferð þessi hefir gefið hina beztu raun það sem af er þessum vetri. Hún er á allan hátt ódýrari heldur en skjólgrindur úr timbri, þ.e.a.s. ef til þessa fást skemmdar síldarnætur við vægu verði.

Í skjólbelti voru gróðursettar þessar plöntur:

	Birki 2/2	Sitkagr. 2/3	Bastarö. 2/3	Þingv. 0/2	Viðja 0/2	Gulv. 0/2	Alls
Hvanneyri	250	90	150	150	90	226	956
Þórustaðir	450	450	400	300	600		2.200
Hvítárakki	750	50	50		25		875
Reykhólar	300	150	150	300	300		1.200
Kornvellir	120	360	120		880		1.480
	1.870	1.100	870	750	1.895	226	6.711

Birkið var allt af Bæjarstaðaskógarstofni. Sitkagrenið allt frá MacLeod nema á Kornvöllum það er Seward stofn. Bastarðurinn allur frá Lawing. Þingviðir og viðja tekið úr Fossvogi en gulviðirinn frá Vöglum í Fnjóskadal.

Hinir miklu þurrkar fyrrihluta sumars drógu nokkuð úr þrifum plantnanna, einkum á Þórustaðum, en þær litu þó sæmilega út nú í haust.

Ferðalög:

Ég fór fjölmargar ferðir til leiðbeininga um Suðvesturland. Einnig fór ég nokkurar ferðir sérstaklega vegna skjólbeltatilauna.

Um miðjan júlí fór ég með dönskum skógfræðingi Chr. Christensen og konu hans austur á Hallormsstað. Á þeirri leið voru skoðuð skóglendin á Jafnaskarði, Vöglum, Ásbyrgi og svo á Hallormsstað. Síðar fór ég með Christensen og Hákonni Bjarnason, skógræktarstjóra um Suðurland. Erindi Christensen var einkum að leiðbeina um ræktun jólatrjáa. En hann hefir mikla reynslu á því sviði, þar sem hann hefir um langt skeið haft á hendi umsjón með allri jólatrjáasölu danska Heiðafélagsins. En eins og kunnugt er þá er ræktun jólatrjáa orðinn veruleg atvinnugrein á Jötlandi. Christensen leist bezt á skóglendin í Haukadal, Þjórsárdal og á Hallormsstað til þessarar ræktunar. Veitti hann okkur mörg góð ráð og leiðbeiningar á þessu sviði.

Ýmislegt:

Ég starfaði á skrifstofu skógræktarstjóra frá ársbyrjun til aprílloka og svo aftur frá miðjum október til ársloka.

Reykjavík 20/2. 1959

Einar G. E. Sæmundsen
Einar G. E. Sæmundsen.